

Samþykkt fyrir Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Um verkefni heilbrigðisnefndar fer eftir II. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Þá eru heilbrigðisnefnd falin ýmis verkefni í öðrum lögum, s.s. lögum um matvæli 93/1995, sbr. 13. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með að framfylgt sé ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum Reykjavíkurborgar á verksviði nefndarinnar og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er falið að annast um framkvæmd á.

Heilbrigðisnefnd tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið hennar. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með því að samþykktum og stefnumörkun hennar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar annast framkvæmd stefnu og verkefna heilbrigðisnefndar og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd fer m.a. með eftirtalin verkefni:

- a. Hefur eftirlit með og stuðlar að bættri framkvæmd mengunar-, dýra- og heilbrigðiseftirlits í Reykjavík.
- b. Fylgist með framkvæmd sorphirðu.
- c. Vinnur að fræðslu um hollustuhætti og umhverfismál.
- d. Gerir tillögur til borgarráðs um sérstakar heilbrigðissamþykktir, s.s. samþykktir um hundahald og kattahald, og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.
- e. Gerir tillögur til borgarráðs að gjaldskrár fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit og dýrahald skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ágreiningi um hvort tiltekið mál eigi undir heilbrigðisnefnd ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd skal í störfum sínum m.a. fylgja eftirfarandi almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs:

1. Stefnukorti borgarinnar.
2. Starfsmannastefnu.
3. Upplýsingastefnu.
4. Upplýsingatækni- og gagnastefnu.
5. Innkaupastefnu og innkaupareglum.
6. Mannréttindastefnu
7. Stefnu í aðgengismálum.
8. Umhverfisstefnu.
9. Reglum um auglýsingu og afgreiðslu almennra styrkumsókna.
10. Reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga.
11. Stefnu í erlendum samskiptum.
12. Siðareglum.

Jafnframt fylgir umhverfisráð eftirfarandi samþykktum:

1. Umhverfisstefnu.
2. Staðardagskrá 21 – umhverfisáætlun fyrir Reykjavíkurborg.
3. Samþykkt um hundahald.
4. Samþykkt um kattahald.
5. Samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.
6. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs.
7. Samþykkt um skipulag og framkvæmdir í Elliðaárdal.

Skipan

5. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð sex fulltrúum, fimm kjörnum af borgarstjórn og einum tilnefndum af samtökum atvinnurekenda í Reykjavík. Varamenn eru kjörnir/tilnefndir með sama hætti. Borgarstjórn kýs formann heilbrigðisnefndar en nefndin kýs sér sjálf varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jafnt í nefndinni. Kjörtímabil heilbrigðisnefndar er hið sama og borgarstjórnar.

Heilbrigðisnefnd getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður heilbrigðisnefndar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir hennar, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og rekstri og stjórnarsýslu Heilbrigðiseftirlitsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur að jafnaði einn fund í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja nefndarmanna um fund í nefndinni ber að verða við því. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra og stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði hennar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara, og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, eftir því sem við á.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits eða staðgengill hans skal sitja fundi heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt hefur sviðsstjóri umhverfis- og samgöngusviðs rétt til setu á fundum nefndarinnar. Þá getur heilbrigðisnefnd boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar og héraðslæknirinn í Reykjavík eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefndar.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Heilbrigðisnefnd skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar sér um skrifstofuhald fyrir nefndina og leggur henni til fundarritara.

Fjármál

9. gr.

Starfsáætlun og fjárhagsáætlun heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar er hluti af starfs- og fjárhagsáætlun umhverfis- og samgöngusviðs.

Ráðningar

10. gr.

Heilbrigðisnefnd ræður framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar að fenginni tillögu sviðsstjóra umhverfis- og samgöngusviðs, til fimm ára í senn. Heilbrigðisnefnd ræður heilbrigðisfulltrúa að fenginni tillögu framkvæmdastjóra.

Fullnaðarafgreiðslur

11. gr.

Um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar fer skv. viðauka 2.3 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Málsmeðferð

12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu heilbrigðisnefndar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka mál upp að nýju.

Komi upp ágreiningur milli borgarráðs og heilbrigðisnefndar um endurupptöku máls skal með hann farið í samræmi við ákvæði 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta máli til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, eða til ráðherra skv. 2. og 3. mgr. 32. gr. sömu laga.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Gildistaka

13. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 1. janúar 2008